



Akraneskaupstaður
Regína Ásvaldsdóttir
Stillholti 12-14
300 Akranes

Akranes, 20. desember 2015

Þorrablót Skagamanna hefur verið haldið árlega frá árinu 2011 og hefur allur ágóði runnið til Björgunarfélags og íþróttafélaga á Akranesi. Hagnaði er úthlutað í samræmi við vinnuframlag þeirra en samtals hefur 9,3 mkr verið úthlutað á þessu tímabili. Á síðustu árum hefur Akraneskaupstaður komið að þorrablótinu með vali á Skagamanni ársins sem og með því að láta íþróttahús til afnota án endurgjalds fyrir blótið. Sjötta þorrablót Skagamanna er fyrirhugað laugardaginn 23. janúar 2016 og er markmiðið að það verði jafn glæsilegt og áður.

Árgangur 71 sem stendur fyrir þorrablótinu þakkar Akraneskaupstað fyrir myndarlega aðkomu síðustu ár og óskar með bréfi þessu eftir að Akraneskaupstaður taki áfram þátt með vali á Skagamanni ársins sem og að leggja blótinu til endurgjaldslaus afnot á íþróttahúsinu á Vesturgötu.

Kær kveðja,

Árgangur 71

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr.	3.11	Mótt. af
Áb.m.	RÍA	Gjó
Símtal	Úrv.aðili	Mótt. dato
Svarfr.	St. A	Afri
Málsnr. One	Tölvup.	Fax
	Trún.mál	Fskj.
		54
	1512228.	